

Framlenging á kjarasamningi

milli annars vegar Félags ráðgjafarverkfræðinga og hins vegar Stéttarfélags verkfræðinga og Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands.

Gildandi kjarasamningi aðila, dags. 3. desember 2004, er framlengt í ótiltekinn tíma með eftirfarandi breytingum og viðbótum sem teljast hluti samningsins frá 1. janúar 2008 að telja:

1. Laun samkvæmt samningnum hækka um 7,5% frá 1. janúar 2008 að telja.
2. Grein 4.2.4 verður eftirfarandi:
Vinnuveitandi greiðir orlofsfé á laun fyrir yfirvinnu:
 - 10,17% til 32 ára aldurs
 - 11,59% frá 32-40 ára aldurs
 - 13,04% frá 40 ára aldri.
3. Grein 4.2.5 bætist við og verður eftirfarandi:
Starfsmaður sem þegar hefur áunnið sér rétt umfram það sem getur í grein 4.2.4 (11,2%) heldur þeim rétti hjá sama vinnuveitanda.
4. Í grein 8.4.1 breytist 10% í 12%. Í grein 8.4.2 breytist 60% í 2/3 og 40% í 1/3. Í grein 8.4.4 breytist 6,0% í 8,0%.
5. Kjarasamningi þessum getur hvor aðili sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

Reykjavík, 7. desember 2007

Með fyrirvara um samþykki félagsfunda Stéttarfélags verkfræðinga og Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands

Með fyrirvara um samþykki fulltrúaráðs Félags ráðgjafarverkfræðinga

Ragnar Hauksson (SV)

Skapti Valsson (FRV)

Ásberg Ingólfsson (SV)

Kristinn Eiríksson (FRV)

Kári Steinar Karlsson (SV)

Arinbjörn Friðriksson (FRV)

Árni Guðni Einarsson (KTFÍ)

Skúli Björn Jónsson (KTFÍ)

Þrúður G. Haraldsdóttir (KTFÍ og SV)